

## **Greinargerð samninganefndar Íslands vegna Icesave-samninga í tilefni af nýju mati skilaneftndar Landsbanka Íslands á heimtum eigna.**

### **Almennt**

Skilaneftnd Landsbankans fundaði í dag með kröfuhöfum í búi bankans í Lundúnum og kynnti nýtt mat á virði eigna búisins.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 13/2011, um heimild til að staðfesta nýju Icesave-samningana, var síðasta mat skilaneftndarinnar (frá 30. september 2010) lagt til grundvallar mati samninganefndarinnar á kostnaði ríkissjóðs vegna samninganna og var miðað við það í tölulegri framsetningu. Vegna óvissuþátta var jafnframt lagt mat á svokallaðar betri og verri niðurstöður.

Samninganefndin telur rétt í ljósi nýrra upplýsinga frá skilaneftndinni að endurnýja útreikninga sína. Jafnframt hefur verið tekið tillit til nokkurra annarra staðreynda sem hafa áhrif á tölulega framsetningu á kostnaði ríkissjóðs.

Vitað er að ýmsar forsendur fyrir útreikningum eru háðar óvissu og er sérstaklega fjallað um þau atriði í greinargerð frumvarpsins, sbr. 3.2.1.2. um gjaldeyrisáhættu og 3.2.1.3. um endurheimtur úr búi Landsbankans. Sem fyrr er þó miðað við þær forsendur sem nefndin telur áreiðanlegastar.

Í fréttatilkynningu skilaneftndar kemur fram að mat á verðmæti eignasafns búisins hefur hækkað um tæplega 160 ma.kr. frá 30. apríl 2009 til ársloka 2010, en það samsvarar því að hækkunin hafi numið 23 ma.kr. á hverjum ársfjórðungi.

Jafnframt var á fundi skilaneftndarinnar kynnt athugun Deloitte á Íslandi á þeim aðferðum og verklagi sem skilaneftndin beitir. Niðurstaðan er sú verkferlar og vinnubrögð séu traust og niðurstöður eignamats bankans réttar miðað við gefnar forsendur.

### **Breyttar forsendur fyrir útreikningum**

Hinar breyttu forsendur sem lagðar eru til grundvallar nýju mati samninganefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Áætlaðar endurheimtur upp í forgangskröfur aukast og nema nú 89% af forgangskröfum. Í krónum talið nema áætlaðar heimtur 1.175 ma.kr. í stað 1.138 ma.kr. Hækkunin nemur því 37 ma.kr. Þar af yrði hlutur Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) 51,26% og nemur aukning TIF því um 19 ma.kr.
2. Fyrstu greiðslur (úthlutanir) úr búi Landsbankans miðast við 1. ágúst 2011 í stað 1. júní sem fyrri útreikningar byggðu á. Lítilsháttar tafir hafa orðið á meðferð héraðsdómsmála er varða stjórnskipulegt gildi neyðarlaga og er því talið varlegt að gera ráð fyrir því að greiðslur tefjist um tvo mánuði frá því sem áður var ætlað.
3. Fyrsta greiðsla áfallinna vaxta TIF til innstæðusjóða Bretlands og Hollands miðast við apríl lok 2011 í stað janúar. Vegna betri vissu um reikningsforsendur lækka áfallnir vextir til ársloka 2010 um 2 ma.kr.

4. Frá eign TIF dragast 1,5 ma.kr. sem fara í greiðslu samkvæmt sérstökum samningi um skiptingu vaxtakröfu í bú Landsbankans, sbr. kafla 3.2.1.4. í greinargerð með frumvarpinu.
5. Samsetning eigna búss Landsbankans hefur breyst þannig að hærra hlutfall þeirra er nú í reiðufé og veðtryggðu skuldabréfi NBI, samtals um 677 ma.kr. en til samanburðar nam sambærileg fjárhæð 615 ma.kr. í því uppgjöri sem skilanevndin kynnti í lok þriðja ársfjórðungs 2010. Forsendur áætlana um heimtur eru því traustari en áður og óvissa hefur minnkað.
6. Ákveðið hefur verið að Iceland Foods greiði hluthöfum sínum arð að fjárhæð 100 milljónir punda vegna síðasta árs sem samkvæmt upplýsingum skilanevndar mun að óbreyttu ekki hafa áhrif á verðmæti eigna bússins m.v. matið 31. desember 2010. Til upplýsingar er bætt inn í töflurnar nettó áhrifum þessarar arðgreiðslu á kostnað ríkissjóðs vegna samninganna.
7. Eignir í íslenskum krónum hafa minnkað sem hlutfall af heildareignum og nema nú 8% af heildareignum. Skýrist það að mestu leyti af því að hlutabréf í NBI yfirferast í skuld NBI við bú Landsbankans í evrum, pundum og dollar.

Að öðru leyti byggir endurskoðað mat á sömu forsendum og greindi í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 13/2011

#### **Samanburður á kostnaðarmati í desembergreinargerð og nú**

Það er meginniðurstaða hinna nýju útreikninga að áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna samninganna nemi 32 ma.kr. í stað 47 áður. Þar vegur mest bætt endurheimtuhlutfall, en á móti koma neikvæðir þættir svo sem tafir á greiðslum úr búinu. Til að gæta samræmis hafa hinar nýju tölulegu forsendur verið settar inn í helstu töflur sem var að finna í greinargerð saminganevndar í desember 2010 og eru þær til hægðarauka bornar saman við helstu lykiltölur hér að neðan:

Tafla 1

<b>Kostnaðarliðir</b>	<b>Desember 2010 (ma.kr.)</b>	<b>Mars 2011 (ma.kr.)</b>
Áfallnir vextir til ársloka 2010	26	24
Samtals vaxtagreiðslur á tímabilinu 2011 til 2016	50	50
Eftirstöðvar skuldbindingar í júní 2016	-8	-22
Greiðslur frá TIF 1.janúar/1.maí 2011	-20	-20
Heildargreiðslur ríkissjóðs vegna samninganna	47	32
Arðgreiðsla frá Iceland Food	-5	-5
Heildargreiðsla með arðgreiðslum	42	27

Tafla 2

<b>Tölur innnan sviga ( ) eru úr greinargerð með frumvarpi til laga frá í desember 2010</b>	<b>Betri útkoma (ma.kr)</b>	<b>Áætluð útkoma (ma.kr)</b>	<b>Verri útkoma (ma.kr)</b>
Eftirstöðvar höfuðstóls 2016	-46 (-32)	-22 (-8)	25 (39)
Áfallnir vextir til júní 2016	63 (65)	74 (76)	93 (94)
Samtals	17 (32)	52 (67)	118 (133)
Frádregin greiðsla TIF	-20 (-20)	-20 (-20)	-20 (-20)
Heildargreiðsla samtals	-3 (12)	32 (47)	98 (113)
Arðgreiðsla frá Iceland Food	-5	-5	-5
Heildargreiðsla með arðgreiðslum	-8	27	93

**Betri útkoma:** Hér er gert er ráð fyrir að endurheimtur batni um sem nemur 30 milljörðum króna á hlut TIF. Gert er ráð fyrir að útborganir úr búinu eftir árslok 2011 færast fram um hálf ár að jafnaði og að bú Landsbankans selji skuldabréf NBI árið 2014.

**Verri útkoma:** Aðrar eignir en reiðufé og skuldabréf NBI (þ.e. aðrar eignir) svara til um 498 milljarða króna, en þar af hlutdeild TIF í þeim 255 milljarðar króna. Ef aðrar eignir endurheimtast að fjórum fimmtu hlutum af því sem áætlanir gera ráð fyrir verða eftirstöðvar skuldbindingarinnar hærrí sem því nemur. Hér er enn fremur reiknað með að útborgun úr búinu seinki um tvö ár þannig að hún hæfist ekki að neinu leyti fyrir en á árinu 2013.

## Önnur atriði

Til frekari glöggvunar skal þess getið að tvö lagaleg atriði kunna að hafa áhrif á endanlega niðurstöðu um kostnað vegna samninganna:

- Samkvæmt fyrirbyggjandi samningum mun TIF láta reyna á forgang sinn til greiðslna úr búinu umfram aðra innstæðutryggingasjóði (*Ragnars Hall túlkun*). Kostnaðarmatið tekur ekki tillit til þess að TIF kynni að fá kröfum sínum framgengt fyrir dómstólum.
- Fyrir dómstólum er nú rekið mál um afstöðu slitastjórnar til forgangsréttar svokallaðra *heildsöluinnlána*, en fjárhæð þeirra krafna nemur um 147 milljörðum króna. Slitastjórnin samþykkti forgangsrétt fyrir þeim kröfum en aðrir kröfuhafar hafa vefengt þá afstöðu. Ef dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að heildsöluinnlán njóti ekki forgangsréttar við skiptin munu forgangskröfur í heild lækka og endurheimtuhlutfall hækka til samræmis.

Mat samninganefndarinnar tekur ekki tillit til þeirra jákvæðu áhrifa sem niðurstöður dómstóla um þessi atriði kynnu að hafa.